

Fundargerð nr. 207

207. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams, 13.9.2023 kl. 13:30.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Skólaárið 2023 – 2024

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri fór yfir dagatalið.

2. Biðlistar

25 nöfn á biðlista, gert er ráð fyrir að um helmingur þeirra sem eru á listanum komist að í október. Rætt var um að hafa skólann áfram sýnilegan og kynna vel fyrir öllum aldurshópum.

3. Starfsmannamál.

Farið yfir starfsmannamál. 3 kennarar hættir, ein í leyfi. Einn nýr kennari ráðinn til starfa til afleysinga. Kennsla dreifðist á aðra kennara skólans. Reynt er að stíla inn á að hafa sérfræði menntaða kennara á hvert hljóðfæri.

4. Húsnæðismál.

Þrengir að tónlistarnámi víða í skólum. Tónmenntastofur víða nýttar í annað en tónlistarnám.

Enginn aðstaða fyrir tónlistarnám er til staðar í Vallaskóla.

Trommukennsla hefur verið sett í kjallari í Hveragerði.

Gamla Veiðisport á Selfossi (Páll) hljóðvist og loftgæðum ábótavant. Komið fyrir að nemendur og kennarar óski eftir að vera ekki í tímum þar.

Stjórn tónlistarskólans hvetur til þess að unnið verði að því að tónlistarnám fari fram í húsnæði sem er nemendum og kennurum bjóðandi.

5. Heimsóknir.

Ákveðið að hafa heimsóknir á kennslustaði í uppsveitum 25. sept 11:40 frá Selfossi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:20/ SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson,
Erla Sif Markúsdóttir,
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*